



Loftgæði á höfuðborgarsvæðinu – hlutverk og viðbrögð heilbrigðiseftirlits

Svava Svanborg Steinarsdóttir
Verkefnastjóri á einingu vöktunar
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Helstu loftmengandi efni í Reykjavík og uppspretta þeirra

Svifryk (PM10 og minna) er uppspænt malbik, sót aðallega frá díselbruna, jarðvegsagnir, salt, aska, örplast o.fl.

Köfnunarefnisdíoxíð (NO_2) – kemur frá umferð og höfnum

Brennisteinsvetni (H_2S) – jarðhitavirkjanir – Nesjavalla - og Hellisheiðarvirkjun

Brennisteinsdíoxíð (SO_2). Hér mest frá eldgosi, einnig frá iðnaði, bílaumferð og skipaumferð

Gosmóða – loftmengun sem verður til þegar SO_2 , önnur gös og agnir hvarfast við súrefni og raka með tilstuðlan sólarljóssins

Svifryksmengun og köfnunarefnisdíoxíðsmengun



Gosmóða



T.d. sótagnir, lífræn efnasambönd og málmar

● PM_{2.5}

Mannshár
50-70 μm

< 2.5 μm


T.d. ryk, frjókorn og mygla

● PM₁₀

< 10 μm

90 μm

Fínn sandur



Vöktun loftgæða á höfuðborgarsvæðinu

- Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur með 2 stöðvar, ein ný á leiðinni
- Umhverfisstofnun rekur 2 fastar mælistöðvar í Reykjavík og eina með Rio Tinto í Hafnarfirði
- Faxaflóahafnir reka 1 mælistöð við Laugarnes
- ON er með 2 stöðvar sem vakta aðeins brennisteinsgös
- Heilbrigðiseftirlit kragans rekur 4 mælistöðvar, 2 í Kópavogi, 1 í Garðabæ og eina í Hafnarfirði
- Rio Tinto rekur 1 stöð sem mælir aðeins SO₂ í Hafnarfirði

Staðsetning mælistöðva á höfuðborgarsvæðinu



Loftgæði.is og aðrar upplýsingasíður

- Allar mælistöðvar á landinu eru inni á loftgæði.is þar sem loftgæðaupplýsingar eru birtar í rauntíma
- Hafa þer í huga að stöðvarnar eru ekki allar að mæla sömu efnin
- Upplýsingar um gosmengun og gasdreifingarspá eru inni á vedur.is
- Á ust.is, heilbrigdiseftirlit.is og reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit-reykjavikur má finna ýmsar upplýsingar um loftgæði og loftmengun

Viðbragðsáætlanir um loftgæði

- Heilbrigðisnefndum ber að setja sér aðgerðaráætlun/viðbragðsáætlun til að bregðast við loftmengun og vakta loftgæði á sínum svæðum
- Heilbrigðiseftirlitin á höfuðborgarsvæðinu hafa sett sér slíkar viðbragðsáætlanir og starfa eftir þeim
- Þær taka til skammtímaaðgerða til að draga úr loftmengun eða koma í veg fyrir að hún fari yfir heilsuverndarmörk
- Viðbragðsteymi sjá um að framfylgja áætlunum – heilbrigðiseftirlit meta þörf á aðgerðum með vöktun loftgæða

Aðgerðir skv. viðbragðsáætlunum

- Vöktun loftgæða, fræðsla og miðlun upplýsinga
- Tilkynningar til almennings, skóla, leikskóla, dagmæðra og íþróttafélaga ef loftgæði eru slæm eða líkur á að þau verði það
- Rykbinding gatna
- Draga úr notkun hálkuvárnarsands
- Gatnaþrif
- Kröfur um rykbindingu með vökvun vegna ryksmengunar frá framkvæmdasvæðum og niðurrifi bygginga

Tilkynning um léleg loftgæði – hvað á að gera ?

- Fara eftir leiðbeiningum í tilkynningu, s.s. takmarka útivist, áreynslu og ekki láta börn sofa úti. Sérstaklega huga að börnum með astma og öndunarferasjúkdóma
- Sé um umferðartengda mengun að ræða skal miðað við þær stöðvar sem endurspeglar svipaðar aðstæður – umferðarþung gata í nágrenni vs rólegar íbúðargötur. Staðsetning skiptir máli
- Ef um að ræða stóra atburði s.s. sandstorm eða gosmengun er ástandið gjarnan það sama óháð staðsetningu
- Fylgjast vel með á loftgæði.is og vef Veðurstofunnar til að kanna hvort ástand batni
- Hringja í heilbrigðiseftirlit ef þörf er á frekari leiðbeiningum

Takk fyrir

